

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Garðabær, fimmtudagur, 28. ágúst 2025
202507-0093/Á.G.
10.01.01

Efni: Umsókn um leyfi til rannsókna á friðlýstum svæðum - Dettifoss

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Háskóli Íslands, dagsett 16.7.2025 15:01:36, um leyfi til rannsókna innan Vatnajökulspjóðgarðs, Dettifoss og Náttúruvættisins Dettifoss.

Vatnajökulspjóðgarður er friðlýstur sbr. [lög nr. 60/2007](#).

Samkvæmt 14. gr. laganna er óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum, landslagi og menningarminjum innan Vatnajökulspjóðgarðs. Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins skulu samræmast verndarmarkmiðum þjóðgarðsins samkvæmt ákvæðum laga þessara, reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim og stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins. Heimilar eru framkvæmdir sem miða að því að endurheimta landgæði, verja lífríki, jarðmyndanir og landsvæði, svo sem vegna ágangs manna, dýra eða plantna eða vegna náttúruhamfara, ágangs vatns og sjávar, jarðvegseyðingar eða annarrar röskunar af völdum manna eða náttúru.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða doktorsverkefni í Háskóla Íslands sem er styrkt af rannsóknarsjóði Rannís. Verkefnið felur í sér jarðfræðilegar rannsóknir á Dettifoss innan Vatnajökulspjóðgarðsins. Rannsókuð verða gjóskulög og hraunlaug á svæðinu með því að grafa fram allt að 8 snið sem verða allt að 2 m lengd og 3 m dýpt. Sýni, hnefastór, verða svo tekin úr lögunum sem verða svo greind með efnasamsetningu og aldur í huga. Dróni verður notaður til þess að mynda þau snið sem erfitt er að nálgast öðruvísi. Flugtími dróna verður um 3-4 tímar. Kort af fyrirhuguðu drónaflugi fylgdi með umsókn. Ákvörðun um dagsetningu drónaflugsins verður ákveðin í samráði við þjóðgarðsvörð. Verkefnið verður í gangi frá 28.8 til loka september 2025. Rúmur tími kemur til vegna þess að dregist getur að finna hentugan tíma fyrir drónaflugið meðal annars vegna lífríkis.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins og gesti þess sé farið að skilyrðum leyfisins. Stofnuninn metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum á náttúrufar sé farið er eftir skilyrðum leyfisins. Afar mikilvægt er að ganga þannig frá sniða- og sýnatökustöðum að ummerki um umgengni og sýnatöku séu sem minnst sýnileg.

Niðurstöður:

Náttúruverndarstofnun veitir Háskóli Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir rannsókninni á Dettifoss innan Vatnajökulsþjóðgarðsins sbr. lýsingu hér að ofan og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð rannsóknarsvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Sýnataka er eingöngu fyrir ofangreint verkefni og óheimilt er að afhenda þriðja aðila sýnin í gróðaskyni.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Sýnataka skal fara fram þar sem ummerki um hana eru ekki sýnileg gestum og afmá ummerki að sýnatöku lokinni.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu Eftirlitið verður framkvæmt af starfsfólki Vatnajökulspjóðgarðs.

Guðrún Jónsdóttir
þjóðgarðsvörður

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur